

ALDA SJÓÐIR HF.

Hæfi lykilstarfsmanna

Samþykkt af stjórn Öldu sjóða hf., 21. maí 2012

ÖS
EK
SS

1. Almenn atriði

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (ffl.), og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, og fjalla um hæfi lykilstarfsmanna Öldu sjóða hf. (hér eftir nefnt félagið).
- 1.2. Markmið reglnanna er að efla traust og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess, með auknum kröfum um mat á hæfi lykilstarfsmanna. Hæfismatinu er bæði ætlað að tryggja að lykilstarfsmenn hafi þá færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin, auk þess að meta orðspor og heilindi viðkomandi.

2. Orðskýringar

- 2.1. Lykilstarfsmaður er einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu félagsins, sbr. 8. tölul. 1. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 2.2. Stjórn félagsins metur hvaða starfsmenn teljist til lykilstarfsmanna.
- 2.3. Framkvæmdastjóri og forstöðumenn skulu ávallt teljast til lykilstarfsmanna félagsins.

3. Mat á hæfi lykilstarfsmanna

- 3.1. Fjármálaeftirlitið metur hæfi framkvæmdastjóra félagsins.
- 3.2. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn og ber ábyrgð á störfum þeirra, að undanskyldum innri endurskoðanda.
- 3.3. Regluvörður og framkvæmdastjóri framkvæma hæfismat á öllum lykilstarfsmönnum. Hæfismat skal fara fram áður en ráðið er í starf lykilstarfsmanns. Matið fer þannig fram að regluvörður skal boða hlutaðeigandi lykilstarfsmann til fundar þar sem framkvæmd hæfismatsins er kynnt ásamt því að afhenda upplýsingar um þau viðfangsefni sem nauðsynlegt er að viðkomandi kunni skil á. Boða skal til hæfismatsins að jafnaði tveimur vikum eftir undirbúningsfund nema viðkomandi samþykki skemmri frest. Eftir hæfismatið leggur regluvörður og framkvæmdastjóri mat á hvort viðkomandi hafi nægilega þekkingu og skilning á þeim lögum og reglum sem rædd hafa verið og hvort hann teljist hæfur að öðru leyti með hliðsjón af hæfisskilyrðum laga.

SPK
ES
EWS

- 3.4. Alda sjóðir hf. áskilja sér rétt til að kalla eftir þeim gögnum sem þurfa þykir til að framkvæma hæfismat, s.s. sakavottorð, afrit af skattskýrslum, veðbókarvottorðum og yfirlit frá fjármálastofnunum.

4. Upplýsingaskylda lykilstarfsmanns

- 4.1. Lykilstarfsmaður skal í upphafi starfs og við mat á hæfi sínu leggja fram staðfestingu á því að hann hafi ekki hlotið dóm fyrir brot á þeim lögum sem tiltekin eru í lögum um starfsemi hins eftirlitsskylda aðila ásamt því að veita félaginu heimild til að framkvæma mat á fjárhagsstöðu sinni með því að kalla fram skuldbindingaryfirlit hvenær sem þess er óskað. Hann skal jafnframt veita heimild til að afla nauðsynlegra gagna samkvæmt lið 3.4.
- 4.2. Lykilstarfsmanni er skylt að upplýsa framkvæmdastjóra og regluvörð tafarlaust ef hann fær réttarstöðu grunaðs manns.
- 4.3. Staða lykilstarfsmanns skal metin sérstaklega ef hann fær réttarstöðu grunaðs manns. Ef um er að ræða grun um brot sem lýtur að atvinnurekstri eða starfsemi á fjármálamarkaði skal hann strax hverfa tímabundið úr starfi. Framkvæmdastjóri skal í kjölfarið gera stjórn félagsins grein fyrir málinu og meta málsatvik í því skyni hvort honum skuli vikið varanlega úr starfi.
- 4.4. Um þátttöku lykilstarfsmanna í atvinnurekstri gilda verklagsreglur félagsins sem settar eru á grundvelli 56. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Lykilstarfsmanni er ávallt skylt að tilkynna ef hann tekur þátt í atvinnurekstri eða gegnir öðrum störfum þannig að stjórn gefist kostur á að leggja mat á það hvort sú starfsemi feli í sér hugsanlega hagsmunaárekstra eða sé líkleg til að skaða orðspor félagsins.

5. Forsendur við hæfismat

- 5.1. Framkvæmdastjóri metur hvaða efnisatriði verði lögð til grundvallar við mat á þekkingu lykilstarfsmanns. Við mat á hæfi lykilstarfsmanna skal m.a. líta til þekkingar starfsmanna á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, reglugerð um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja og lög um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Meta skal þekkingu á framangreindum lögum eftir því sem við á að teknu tilliti til ábyrgðar og starfa viðkomandi stjórnanda. Jafnframt skal metin þekking viðkomandi á víðskiptum með fjármálagerninga í samræmi við starfsskyldur hans, þ.á m. mat á áhættu.
- 5.2. Við mat á hæfi lykilstarfsmanns skal höfð hliðsjón af hæfisskilyrðum fyrir stjórn og framkvæmdastjóra sem er að finna í þeim sérlögum sem hver aðili starfar eftir. Þar er meðal annars átt við

- a) Lögræði, fjárhagsstöðu með hliðsjón af fjárhagslegu sjálfstæði, óflekkað mannorð, skilyrði um að viðkomandi hafi ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað, búsetuskilyrði og skilyrði varðandi menntun, þekkingu og starfsreynslu.
- 5.3. Metið skal í samráði við framkvæmdastjóra hvort menntun og starfsreynsla viðkomandi lykilstarfsmanns hæfi viðeigandi starfi.
- 5.4. Við mat á hæfi lykilstarfsmanns skal gætt að því að hann sé ekki í slíkum tengslum við einstaklinga eða lögaðila á þann hátt að hann geti orðið viðvarandi vanhæfur til að sinna störfum sínum vegna hagsmunaárekstra eða orðsporsáhættu. Hér skulu höfð til hliðsjónar hæfisskilyrði II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.
- 5.5. Lykilstarfsmaður skal hafa hreint sakarvottorð og ekki hafa réttarstöðu grunaðs í sakarmáli er tengist fjármálastarfsemi. Þannig er við mat á starfsferli jafnframt meðal annars höfð hliðsjón af því hvort lykilstarfsmaður hafi sætt rannsókn opinberra eftirlitsaðila, lengd rannsókna, hver niðurstaða slíks máls hafi verið, hvort höfðað hafi verið mál á hendur honum, hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Hvort hann hafi verið stjórnandi fyrirtækis sem orðið hefur gjaldþrota og hvort honum hafi verið sagt upp störfum vegna athafna eða athafnaleysis.
- 5.6. Lykilstarfsmenn sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skulu hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum, sbr. 53. gr. ffl.
- 5.7. Verði stjórnandi fluttur til í starfi skal að öllu jöfnu framkvæma nýtt hæfismat teljist störfín ekki sambærileg.

6. Niðurstöður

- 6.1. Framkvæmdastjóri skal tilkynna lykilstjórnanda skriflega, eins fljótt og auðið er, hvort viðkomandi hafi staðist hæfismat. Staðfesting skal vistuð hjá regluverði ásamt viðeigandi gögnum.

7. Endurtekið mat

- 7.1. Hafi lykilstarfsmaður ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á þeim lögum, reglum og öðrum atriðum sem til umfjöllunar voru í þekkingarhluta hæfismats að mati framkvæmdastjóra og regluvarðar, skal gefa honum kost á því að endurtaka matið innan fjögurra vikna frá því niðurstaða liggur fyrir.


7.2. Starfsmaður skal ekki talinn hæfur lykilstarfsmaður hjá félaginu fyrr en hann hefur staðist hæfismat, og skal ekki fá umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu félagsins.

8. Ákvæði til bráðabirgða

8.1. Innan þriggja mánaða frá gildistöku starfsleyfis Öldu sjóða hf. skal lokið mati á hæfi allra lykilstarfsmanna Öldu sjóða hf.

Reykjavík, 21. maí 2012

Stjórn Öldu sjóða hf.



Ólafur L. B. Sveinsson